

Borgarráð Reykjavíkurborgar
Ráðhúsið
Tjarnargata 11
101 Hafnarfjörður

Reykjavík 12.09.2018

Á stjórnarfundum SORPU bs. í dag (12. september 2018) var eftirfarandi fært til bókar, vegna lántöku upp á 750 milljónir hjá Lánasjóði sveitarfélaga, vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar:


„Stjórn SORPU bs., samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 750 mkr., til 15 ára. Er lánið tekið til að fjármagna gas- og jarðgerðarstöð í Álfnesi. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Birni H. Halldórssyni, kt. 241262-5299, framkvæmdastjóra SORPU bs., veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. SORPU bs. að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu þessa láns ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld ábyrgð eigenda SORPU bs. þ.e.a.s. sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir samþykktum sveitarfélaganna í samræmi við kröfur sjóðsins.“

Hér með er óskað eftir formlegri samþykkt sveitarstjórnar fyrir lántökunni í samræmi við kröfur sjóðsins. Meðfylgjandi eru drög sjóðsins að orðalagi samþykktar sveitarsjórnar.

Virðingarfyllt,
f.h. SORPU bs.



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri



LÁNSSAMNINGUR

nr. 1812_XX

milli

Lánasjóðs sveitarfélaga
sem lánveitanda

og

SORPA bs
sem lántaka

og

Reykjavíkurborg
Kópavogsbær
Hafnarfjörður
Garðabær
Mosfellsbær
Seltjarnarnesbær
sem ábyrgðaraðila

EFNISYFIRLIT

1. SAMNINGSADILAR	3
2. LÁNSFJÁRHÆÐ OG ÚTBORGUN	3
3. LÁNSTÍMI, ENDURGREIÐSLA OG UPPGREIÐSLA	3
4. VEXTIR.....	3
5. TRYGGINGAR	4
6. KOSTNAÐUR LÁNTAKA	4
7. SKILYRÐI FYRIR ÚTBORGUN	4
8. SÉRSTAKAR SKULDBINDINGAR	5
9. UPPSÖGN SAMNINGSINS - GJALDFELLINGARHEIMILDIR	6
10. TILKYNNINGAR.....	7
11. UPPLÝSINGAGJÖF OG UNÐANÞÁGU FRÁ ÞAGNARSKYLDU	7
12. FORCE MAJEURE	8
13. FYRIRVARI UM NÝTINGU RÉTTAR SKV. SAMNINGNUM	8
14. SÉRSTAKAR YFIRLÝSINGAR LÁNTAKA	8
15. LÖG OG VARNARÞING	9
16. ÖNNUR ÁKVÆÐI	9
Viðauki I	11
Viðauki II	12

1. SAMNINGSAÐILAR

- Lántaki:** SORPA bs, kt. 510588-1189, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík.
- Lánveitandi:** Lánasjóður sveitarfélaga ohf., kt. 580407-1100, Borgartúni 30, Reykjavík.
- Ábyrgðaraðilar:** Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík.
Kópavogsbær, kt. 700169-3759, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur.
Hafnarfjörður, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður.
Garðabær, kt. 570169-6109, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ.
Mosfellsbær, kt. 470269-5969, Þverholt 2, 270 Mosfellsbær.
Seltjarnarnesbær, kt. 560269-2429, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnes.

2. LÁNSFJÁRHÆÐ OG ÚTBORGUN

- 2.1. Lántaki lofar að taka að láni og lánveitandi lofar að lána íslenskar krónur 750.000.000 – sjöhundruðogfimmtíumilljónir - til 15 ára. Fjárhæðin breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísitölu í desember 2018 sem er 4XX,X stig
- 2.2. Lánið kemur til útborgunar í einu lagi eigi síðar en fimm bankadögum eftir að beiðni lántaka um útborgun lánsins berst lánveitanda skv. fyrirmynd í Viðauka II. Bankadagur í samningi þessum er virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi.
- 2.3. Tilgangur láns þessa er fjármögnun á verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, nánar tiltekið fjármögnun á byggingu á Gas- og Jarðgerðarstöð á Álfsnesi. Lántaki ábyrgist gagnvart lánveitanda að svo sé og skuldbindur sig til að ráðstafa láninu til framangreinds verkefnis.

3. LÁNSTÍMI, ENDURGREIÐSLA OG UPPGREIÐSLA

- 3.1 Lántaki skuldbindur sig til að endurgreiða höfuðstól lánsins með 30 jöfnum afborgunum á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 5. mars 2019 og í síðasta sinn 5. september 2033. Lánið er bundið vísitölu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísitölu í desember 2018 sem er 4XX,X stig. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir. Greiðslustaður lánsins skal vera hjá lánveitanda.
- 3.2.1 Lántaka er heimilt að greiða lánið upp að hluta eða að öllu leyti á gjalddögum áður en að lokagjalddaga er komið án kostnaðar fyrir lántaka. Uppgreiðslur eða innborganir umfram umsamdar afborganir skal tilkynna lánveitanda með 30 daga fyrirvara.

4. VEXTIR

- 4.1 Vextir eru verðtryggðir og reiknast af höfuðstól lánsins frá útborgunardegi. Vextirnir eru nú 2,60% árlega en eru breytilegir samkvæmt ákvörðun lánveitanda. Vaxtagaregla er 30/360.

- 4.2. Vextir skv. gr. 4.1. skulu greiðast á 6 mánaða fresti í fyrsta sinn þann 5. mars 2019 og þar til höfuðstóll lánsins er að fullu greiddur. Beri gjalddaga upp á dag sem ekki er bankadagur skal gjalddagi vera næsti bankadagur þar á eftir.
- 4.3. Standi lántaki ekki skil á greiðslu á gjalddaga ber honum að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð frá gjalddaga til greiðsludags. Ber þá að greiða dráttarvexti samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Ef af einhverjum ástæðum vanskil hafa varað lengur en 12 mánuði skulu dráttarvextir leggjast við höfuðstól lánsins á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir fyrsta dag vanskila í samræmi við ákvæði gildandi laga um vexti og verðtryggingu á hverjum tíma.

5. TRYGGINGAR

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði, veita ábyrgðaraðilar einfalda ábyrgð sína, í samræmi við eignarhlut sinn í lántaka, með áritun á samning þennan sbr. 2. mgr. 69. greinar sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og veðsetja ennfremur til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar samkvæmt heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga, nánar tiltekið framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og útsvarstekjur, sbr. einnig reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012. Greiðsluskylda ábyrgðaraðila verður virk þegar lántaki hefur vanefnt greiðslu og lánveitandi sannar að engar efndir verði fengnar úr hendi lántaka vegna ógjaldfærni hans. Lánveitandi skal þá tilkynna um vanskilin til ábyrgðaraðila og veita þeim 14 daga frest til að koma láninu í skil en komi til vanskila ábyrgðaraðila er lánveitanda heimilt að ganga að framangreindum tryggingum án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar en að uppfylltum þeim kröfum sem koma fram í reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012.

6. KOSTNAÐUR LÁNTAKA

- 6.1. Lántaki greiðir kostnað vegna innheimtu lánsins, svo sem tilkynningar- og greiðslugjald, millifærslukostnað og þess háttar kostnað sem kann að stofnast til vegna lánveitingarinnar.
- 6.2. Lántaki greiðir öll opinber gjöld og skatta sem lögð kunna að vera á samninginn, lánveitanda að skaðlausu.
- 6.3. Komi til vanefnda af hálfu lántaka á skyldum hans samkvæmt samningnum, skuldbindur lántaki sig til þess að greiða lánveitanda auk vaxta og dráttarvaxta allan kostnað sem lánveitandi leggur út fyrir vegna vanefndanna, lögmannspóknun eða annars er lánveitanda ber að greiða, svo og annan kostnað vegna innheimtu lánsins.

7. SKILYRÐI FYRIR ÚTBORGUN

Það er skilyrði fyrir útborgun lánsins samkvæmt samningi þessum að lántaki hafi afhent lánveitanda eftirtalin skjöl á því formi sem er fullnægjandi að mati lánveitanda:

- a) Staðfest afrit fundargerðar stjórnar lántaka þar sem lántaka og umboð til undirritunar lánssamningsins er samþykkt sem er ásættanleg að mati lánveitanda.
- b) Staðfest afrit félagssamþykktar.
- c) Staðfest afrit fundargerða sveitarstjórna ábyrgðaraðila þar sem samþykkt er að veita einfalda ábyrgð vegna lánssamningsins og veðsetning ábyrgðaraðila á tekjum þeirra vegna ábyrgðar sinnar á skuldbindingum lántaka ásamt veitingu umboðs til undirritunar lánssamningsins, sbr. viðauka I við samning þennan, sem eru ásættanlegar að mati lánveitanda.
- d) Samþykktir ábyrgðaraðila, sbr. 9. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011.
- e) Mat á skuldbindingu samkvæmt 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, ef við á.
- f) Beiðni um útborgun láns, sbr. viðauki II við samning þennan, sem er ásættanleg að mati lánveitanda.

Önnur gögn og staðfestingar sem lánveitandi telur nauðsynlegt að liggi fyrir til að útborgun lánsins megi fara fram, þ.m.t. gögn sem sýna fram á að lántaki sé alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem beri ábyrgð á skuldbindingum lántaka gagnvart lánveitanda.

8. SÉRSTAKAR SKULDBINDINGAR

8.1. Fram til þess tíma að lánið er að fullu endurgreitt skuldbindur lántaki sig til að:

- a) Hafa ávallt fullnægjandi tryggingar að mati lánveitanda vegna rekstrar og eigna.
- b) Afhenda lánveitanda, samkvæmt beiðni hans, ársreikning sem endurskoðaður hefur verið af endurskoðanda.
- c) Afhenda lánveitanda, samkvæmt beiðni hans, allar frekari upplýsingar um fjárhagsstöðu lántaka, auk upplýsinga um fjárhagsstöðu móður- og dótturfyrirtækja lántaka, sem hann hefur aðgang að.
- d) Upplýsa lánveitanda þegar í stað ef upp koma þær aðstæður sem rætt er um í 9. gr. samnings þessa (Uppsögn samningsins - gjaldfellingarheimildir).
- e) Selja ekki allar eignir sínar eða verulegan hluta þeirra án samþykkis lánveitanda. Í þessu sambandi telst sala á verulegum hluta eigna vera ef söluverð eða bókfært verð hinna seldu eigna nemur hærra hlutfalli en 25% af heildareignum lántaka skv. endurskoðuðum ársreikningi.
- f) Upplýsa lánveitanda um ef hann greiðir upp önnur lán eða greiðir inn á önnur lán umfram samningsskyldu sem nemur hærra fjárhæð en því sem nemur 20% af tekjum lántaka fyrir síðastliðið almanaksár.
- g) Sameinast ekki öðru félagi/félögum eða skipta félaginu upp í tvö eða fleiri sjálfstæð félög, nema með samþykki lánveitanda.
- h) Veðsetja ekki eignir sínar fyrir lánum sem hann tekur né öðrum fjárhagslegum

skuldbindingum hverju nafni sem nefnast, nema samskonar trygging sé jafnframt sett fyrir skuldbindingum lántaka samkvæmt lánssamningi þessum.

- i) Breyta ekki starfsemi sinni þannig að þörf verði á breytingum á tilgangi lántaka í samþykktum, nema með samþykki lánveitanda.
- j) Breyta ekki samþykktum sínum þannig að sala á eignarhlutum til einkaaðila verði gerð möguleg.

- 8.2. Fram til þess tíma að lánið er að fullu endurgreitt skuldbinda ábyrgðaraðilar sig til þess að (i) framselja ekki eignarhlut sinn í lántaka án samþykkis lánveitanda og (ii) gera engar ráðstafanir sem verði til þess að lántaki færist að einhverju leyti í eigu einkaaðila.

9. UPPSÖGN SAMNINGSINS - GJALDFELLINGARHEIMILDIR

- 9.1. Við einhver eftirtalin skilyrði er lánveitanda heimilt að segja öllu láninu upp einhliða, fyrirvaralaust og án aðvörunar:

- a) Ef vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta hafa varað 60 daga eða lengur.
- b) Ef einhverjar upplýsingar lántaka sem snerta efni lánssamningsins eða atriði honum tengd reynast hafa verið rangar eða villandi þegar þær voru gefnar lánveitanda, þannig að hann hefði ekki, að mati lánveitanda, samþykkt lánveitinguna með þeim kjörum sem samningurinn felur í sér ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir.
- c) Ef lántaki ákveður að breyta rekstrarformi sínu, lántaki hættir starfsemi eða takmarkar hana verulega eða ef lántaki selur eignir sínar eða verulegan hluta þeirra þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánssamningsins minnkar verulega að mati lánveitanda.
- d) Ef fjárhagsstaða lántaka breytist verulega, þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánssamningsins minnkar verulega að mati lánveitanda.
- e) Ef tryggingar/ábyrgðir að baki láninu eru ekki lengur fullnægjandi að mati lánveitanda og úr því er ekki bætt innan 30 daga frá tilkynningu lánveitanda þar að lútandi.
- f) Ef lántaki innir ekki af hendi greiðslu á gjalddaga samkvæmt einhverjum samningi sem leggur á hann greiðsluskyldu og hafi samningurinn verið gjaldfelldur eða honum sagt upp vegna þess, eða ef hann vanefnir annað ákvæði slíks samnings og hafi samningnum verið rift eða hann gjaldfelldur vegna þess. Sama gildir ef lánveitanda er heimilt að gjaldfella lán til lántaka þar sem fjárhæð viðkomandi láns er að fjárhæð sem nemur a.m.k. 10% tekna lántaka á síðastliðnu almanaksári.
- g) Ef fjárnám verður gert hjá lántaka, beðist er nauðungaruppboðs á eignum hans, komi fram ósk um gjaldþrotaskipti á búi hans eða leiti hann nauðasamninga, heimildar til greiðslustöðvunar eða eftirgjöf skulda.
- h) Ef krafa kemur fram til slita á lántaka.

- i) Ef lántaki verður sannanlega uppvís að því að brjóta gegn lögum og reglum í starfsemi sinni.
 - j) Ef lántaki eða ábyrgðaraðili brýtur gegn einhverri skuldbindingu sinni skv. 8. gr. (Sérstakar skuldbindingar).
 - k) Ef lántaki vanrækir að uppfylla einhverja af öðrum skyldum sínum samkvæmt lánssamningnum og sú vanræksla varir í meira en 30 daga eftir að lánveitandi hefur áminnt lántaka um að framfylgja skyldunni.
 - l) Ef sérstakar yfirlýsingar lántaka og ábyrgðaraðila skv. 14. gr. samningsins reynast rangar.
 - m) Ef ársreikningar eða árshlutareikningar lántaka eru með áritun um fyrirvara um rekstrarhæfi af löggiltum endurskoðanda.
- 9.2. Ef láninu er sagt upp af hálfu lánveitanda getur lánveitandi gjaldfellt allar eftirstöðvar lánsins ásamt áföllnum vöxtum og öðrum greiðslum sem lántaka er skylt að greiða samkvæmt samningi þessum, þ.á.m. uppgreiðslugjaldi á grundvelli gr. 3.3. Ber lántaka að greiða dráttarvexti af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá gjalddaga eða gjaldfellingardegi til greiðsludags sbr. gr. 6.3. og gr. 4.3.

10. TILKYNNINGAR

- 10.1. Allar beiðnir um breytingar á skilmálum lánssamningsins, svo og breytingarnar sjálfar ef til koma, skulu vera skriflegar.
- 10.2. Allar tilkynningar og beiðnir í tengslum við lánssamninginn skulu vera skriflegar. Þær skulu sendar með sannanlegum hætti til þess að þær geti talist gildar gagnvart mótaðila. Tilkynna skal þegar í stað um allar breytingar á heimilis- og pósthfangi.
- 10.3. Lánveitanda er heimilt að senda tilkynningar til lántaka á tölvupósthfangið sorpa@sorpa.is og ábyrgðaraðila á tölvupósthföngin upplýsingar@reykjavik.is; kopavogur@kopavogur.is; hafnarfjordur@hafnarfjordur.is; gardabaer@gardabaer.is; mos@mos.is; postur@seltjarnarnes.is sem teljast einungis gildar ef móttakandi staðfestir móttöku. Lántaka og ábyrgðaraðila er heimilt að senda tilkynningar til lánveitanda á tölvupósthfangið lanasjodur@lanasjodur.is sem telst einungis gildar ef móttakandi staðfestir móttöku.

11. UPPLÝSINGAGJÖF OG UNÐANÞÁGU FRÁ ÞAGNARSKYLDU

Með undirritun sinni á lánssamning þennan samþykkja lántaki og ábyrgðaraðili með vísan til 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, að lánveitanda sé heimilt að miðla upplýsingum um lán þetta opinberlega og til fjárfesta, þ.m.t. upplýsingar um nafn lántaka, nafn ábyrgðaraðila, tilgang láns, stöðu láns, lánstíma og önnur kjör. Upplýsingunum er miðlað í þeim tilgangi að fjárfestar hafi sem besta mynd af útlánasafni og starfsemi lánveitanda og mun miðlunin einkum eiga sér stað í gögnum frá lánveitanda s.s. í ársreikningum, árshlutareikningum, fjárfestakynningum og afmælisritum.

12. FORCE MAJEURE

Verði veruleg breyting á viðskiptakjörum lánveitanda vegna atvika sem honum verður ekki kennt um, svo sem vegna breytinga á lánamörkuðum, ákvarðana stjórnvalda, styrjalda, kjarnorkuslysa, hryðjuverka eða atriða sem talin verða falla undir force majeure tilvik þannig að lánveitanda verði ómögulegt að afla lánsfjár til fjármögnunar á lánssamningi þessum á sambærilegum kjörum og gengið var út frá við gerð hans, getur lánveitandi að undangenginni tilkynningu til lántaka gjaldfellt eftirstöðvar lánsins með 60 daga fyrirvara. Lánveitandi ber ekki ábyrgð á tjóni sem lántaki eða ábyrgðaraðili kunna að verða fyrir í tengslum við slíka gjaldfellingu né nokkra aðra gjaldfellingu samkvæmt lánssamningi þessum.

13. FYRIRVARI UM NÝTINGU RÉTTAR SKV. SAMNINGNUM

Þó lánveitandi kjósi að hagnýta sér ekki strax, að fullu eða að hluta, þann rétt sem hann hefur samkvæmt lánssamningnum, takmarkar það ekki heimild hans eða möguleika til að hagnýta sér þann rétt síðar.

14. SÉRSTAKAR YFIRLÝSINGAR LÁNTAKA

Lántaki og ábyrgðaraðili lýsa því yfir við undirritun samnings þessa og á hverjum vaxtagjaldddaga lánsins að:

- a) Lántaki og ábyrgðaraðili hafa staðið lögformlega rétt að öllum þeim ákvörðunum sem nauðsynlegt var að taka af þeirra hálfu til að skuldbinda sig samkvæmt lánssamningnum og uppfylla ákvæði hans og að lánssamningurinn sé því skuldbindandi fyrir þá að öllu leyti.
- b) Lánssamningurinn brýtur ekki í bága við nokkurn samning, sem lántaki eða ábyrgðaraðili eru aðilar að, eða nokkur lög eða reglur sem eiga við um lántaka eða ábyrgðaraðila.
- c) Lántaki og ábyrgðaraðili hafa ekki vitneskju um neinn réttarágreining, sem veikt gæti fjárhagsstöðu þeirra verulega eða hæfi þeirra til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánssamningsins.
- d) Ekkert af þeim tilvikum sem nefnd eru í 9. gr. (Uppsögn samningsins - gjaldfellingarheimildir) séu til staðar.
- e) Lántaki hefur látið lánveitanda í té allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess að meta fjárhagslega stöðu hans.
- f) Engar þær upplýsingar sem fram koma í lánssamningnum eða eru í tengslum við efni hans og lántaki hefur gefið, eru rangar eða ófullnægjandi.
- g) Lántaki sinnir verkefnum sem teljast til lögákveðinna verkefna sveitarfélaga og lánið verður nýtt til verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.
- h) Ábyrgðaraðilar eiga lántaka að öllu leyti og skuldbinda sig til þess að eiga lántaka að öllu leyti fram til þess tíma að lánið er að fullu greitt.

15. LÖG OG VARNARÞING

Um láncsamning þennan gilda íslensk lög. Rísi mál vegna láncsamnings þessa skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Láncsamningur þessi er alls 12 síður að viðauka meðtöldum. Er hann gerður í tveimur samhljóða eintökum og fær lántaki og lánveitandi hvort sitt eintak.

16. ÖNNUR ÁKVÆÐI

Lánveitanda er heimilt að selja þriðja aðila aðild að láncsamningi þessum í heild eða hluta, eða framselja lánið til þriðja aðila án samráðs við eða með skriflegu samþykki lántaka eða ábyrgðaraðila. Lántaka er ekki heimilt að framselja nokkur réttindi sín eða skuldbindingar samkvæmt láncsamningi þessum, nema með fyrirfram skriflegu samþykki lánveitanda.

Öllu framangreindu til staðfestu undirrita aðilar nöfn sín undir í votta viðurvist. Sá sem undirritar f.h. ábyrgðaraðila staðfesta sérstaklega einfalda ábyrgð og veðyfirlýsingu samkvæmt 5. gr. láncsamnings þessa með undirritun sinni f.h. ábyrgðaraðila.

Staður og dagsetning

f.h. lánveitanda,

Staður og dagsetning

f.h. lántaka,

f.h. ábyrgðaraðila,

Reykjavíkurborg

Kópavogsbær

Hafnarfjörður

Garðabær

Mosfellsbær

Seltjarnarnesbær

Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu:

Nafn: _____

Kt: _____

Nafn: _____

Kt: _____

Vottar að rétttri undirskrift og dagsetningu:

Nafn: _____

Kt: _____

Nafn: _____

Kt: _____

Viðauki I



Ákvörðun um veita einfalda ábyrgð, veðsetningu í tekjum til tryggingar ábyrgð og veiting umboðs til að undirrita lánasamning og taka að sér þær skuldbindingar sem greinir í lánasamningi vegna láns [fyrirtæki] frá Lánasjóði sveitarfélaga:

[Sveitarstjórnin] samþykkir hér með á sveitarstjórnarfundum að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns [fyrirtæki] hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. [], með lokagjaldsdaga þann [15. nóvember 2055, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem sveitarstjórnin hefur kynnt sér. Nær samþykki sveitarstjórnar jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til [stutt lýsing á tilganginum með lántökunni] sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er [nafn umboðshafa og kennitala], veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. [sveitarfélagsins] að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Rithandarsýnishorn umboðshafa:

[Nafn umboðshafa]

Viðauki II



dags. mán 2018

Efni: Beiðni um útborgun láns.

Með vísan til 2. greinar lánasamnings nr. [] milli [] og Lánasjóðs sveitarfélaga, um lán að höfuðstólsfjárhæð kr. [] er þess óskað að fjárhæðin, kr. [] verði greidd út með eftirgreindum hætti:

Fjárhæð: []
Greiðsludagur: [] 2018
Viðtakandi greiðslu: []
Reikningsnúmer: []
Viðtökubanki: []

Undirrituð/undirritaður staðfestir að hafa heimild til að skuldbinda lántaka með undirritun sinni.

F.h. lántaka



Umsögn

Efni: Beiðni Sorpu bs. um ábyrgð borgarsjóðs með veði í útsvarstekjum borgarsjóðs á lántöku félagsins hjá Lánasjóði sveitarfélaga

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Fjármálastjóri

Í erindi Sorpu bs. til borgarráðs, dags. 12. september 2018, sbr. einnig fundargerð stjórnar Sorpu bs. dags. 24. október sl, er þess farið á leit að Reykjavíkurborg veiti Sorpu bs. ábyrgð með veði í útsvarstekjum borgarsjóðs í hlutfalli við eignarhlut Reykjavíkurborgar í félaginu vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf.

Með vísan til verklagsreglu FMS-VRL-034 um ábyrgðarskuldbindingar ber fjármálaskrifstofu að veita borgarráði umsögn berist borgarráði beiðnir fyrirtækja og stofnana í eigu Reykjavíkurborgar um að gangast í ábyrgð.

Umsögn þessi er með þeim fyrirvara að skilmálar verði efnislega eins og þau vinnugögn sem umsögnin byggir á.

I. Heimild til að gangast í ábyrgð

Í 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sem tóku gildi 1. janúar 2012 eru almenn ákvæði um heimildir sveitarstjórna til að gangast í ábyrgðir. Sveitarstjórnnum er heimilt annars vegar að veita einfalda ábyrgð til tryggingar á lánum stofnana og fyrirtækja sem sveitarfélagið á að öllu leyti, enda sinni þær verkefnum sem teljast til lögákveðinna verkefna sveitarfélaga og hins vegar einfalda ábyrgð til tryggingar lánum stofnana og fyrirtækja sem það á og rekur í samvinnu við önnur sveitarfélög eða aðra opinbera aðila. Í síðari tilvikinu eru sett fram þrenns konar skilyrði (1) að lögaðili sé að fullu í eigu opinberra aðila, (2) að trygging sé bundin lántöku vegna lögákveðins verkefnis sveitarfélaga og (3) að allir eigendur ábyrgist lán í samræmi við eignarhlut sinn.

Reykjavíkurborg á 66,70% eignarhlut í Sorpu bs. en aðrir eigendur eru Kópavogur (11,30%), Hafnarfjörður (10,70%), Garðabær (5,50%), Mosfellsbær (3,00%) og Seltjarnarnes (2,80%). Byggðasamlagið annast meðhöndlun úrgangs sbr. lög nr. 55/2003 fyrir sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sem eru eigendur þess. Verkefnið sem umræðir er uppbygging jarð- og gasgerðarstöðvar sem fellur ofangreind skilyrði. Með vísan til framangreinds er ljóst að Sorpa uppfyllir öll skilyrði 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er Reykjavíkurborg því heimilt að gangast í einfalda ábyrgð í hlutfalli við eignarhlut borgarsjóðs í félaginu.

Þá segir í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 að sveitarfélög geti veitt Lánasjóði



sveitarfélaga ohf. veð í tekjum sínum vegna lána sem sveitarfélagið tekur hjá sjóðnum og vegna ábyrgða sem sveitarfélagið veitir sjóðnum samkvæmt 1. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Með vísan til þess er Reykjavíkurborg heimilt að veita Lánasjóði sveitarfélaga ohf. veð í tekjum sínum vegna einfaldrar og hlutfallslegrar ábyrgðar sem veitt er á grundvelli 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Þá þarf áður en sveitarfélag ákveður að gangast í ábyrgðir að láta fara fram sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins ef þær skuldbindingar sem um ræðir nema hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins á yfirstandandi reikningsári. Á þetta einnig við um þær ákvarðanir fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins sem leiða til þess að ábyrgðarskuldbindingar sveitarfélagsins hækka um sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum viðkomandi ár, sbr. 1. mgr. 66. gr. laga nr. 138/2011. Með vísan til umfjöllunar í II. kafla er ljóst að skuldbindingin nemur ekki 20% af skatttekjum Reykjavíkurborgar ársins 2018 og því þarf ekki að fara fram sérstakt mat.

II. Fjárhæð lántöku og ábyrgðarskuldbindingar, lánakjör og gjaldfellingarákvæði

II.I Fjárhæð lántöku og ábyrgðarskuldbindingar og greiðsluskylda

Heildarfjárhæð lántöku er 750 m.kr. og hlutfall ábyrgðarskuldbindingar Reykjavíkurborgar miðast því við eignarhlut og nemur þess vegna 66,7%. Bæði fjárhæð lántöku og ábyrgðarskuldbindingar eru bundin vísitölu neysluverðs til verðtryggingar með grunnvísitölu desember mánaðar 2018 sem er 459,4 stig, að viðbættum vöxtum og uppgreiðslugjaldi. Þar sem um einfalda ábyrgð er að ræða getur Lánasjóðurinn gengið að hvaða eiganda Sorpu bs sem er og kafið um fullnustu á ábyrgðinni en sá eigandi getur síðan gengið að öðrum eigendum varðandi hlutfallslega ábyrgð þeirra.

Greiðsluskylda Reykjavíkurborgar verður virk þegar lántaki hefur vanefnt greiðslur og lánveitandi sannar að engar efndir verði fengnar úr hendi lántaka vegna ógjaldfærni hans. Við þær aðstæður ber lánveitanda að til kynna Reykjavíkurborg um vanskil og veita 14 daga frest til að koma láninu í skil. Komi Reykjavíkurborg láninu ekki í skil innan þess frest getur lánveitandinn gengið að tekjum Reykjavíkurborgar án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar en að uppfylltum þeim kröfum sem koma fram í reglugerð um tryggingar Lánasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags nr. 835/2012.¹

II.II Upplýsingar um lánakjör

Lánið er verðtryggt og með jöfnum afborgunum. Það skal endurgreiðast með 30 afborgunum á sex

¹ Í 4. gr. reglugerðar nr. 835/2012 segir: Komi til þess að sveitarfélag lendi í vanskilum við lánasjóðinn með lán sem falla undir 1. tölul. 2. gr. eða sveitarfélag sé kafið um greiðslu vegna ábyrgðar sem það hefur veitt lánasjóðnum vegna lántöku stofnunar, félags eða byggðasamlags, sbr. 2., 3. eða 4. tölul. 2. gr. og greiðsluskylda hefur ekki verið sinnt, sendir lánasjóðurinn um það tilkynningu, fyrst til sveitarstjóra og því næst til sveitarstjórnar með upplýsingum um þær fjárhæðir sem í vanskilum eru. Slík tilkynning er send til sveitarstjóra 30 dögum eftir gjalddaga og svo til sveitarstjórnar 45 dögum eftir gjalddaga. Lánasjóðurinn getur sent innanríkisráðuneytinu tilkynningu með upplýsingum um þær fjárhæðir sem í vanskilum eru, 60 dögum eftir gjalddaga. Afrit af tilkynningu til innanríkisráðuneytisins skal senda til sveitarstjórnar.



mánaðafresti, í fyrsta sinn 5. mars 2019 og í síðasta sinn þann 5. september 2033. Samkvæmt lánasamningnum er lánið veitt til ársins 2033 og ber 2,60% breytilega verðtryggða vexti. Vextir greiðast samhliða afborgunum fyrst 5. mars 2019 og á sex mánaðafresti eftir það þar til höfuðstóll lánsins er að fullu greiddur.

Kjör lánsins verða að teljast vel ásættanleg fyrir Sorpu og afar ólíklegt að félagið geti sjálft aflað sér sambærilegra eða betri lánskjara með öðru móti. Þessu til samanburðar má nefna að Reykjavíkurborg gefur út á markaði verðtryggðan skuldabréfaflokk með sambærilegri lengd og eru markaðskrafa þess flokks 2,50% þann 25. október 2018 sem er einungis 0,10% lægri en kjörin sem Sorpu er nú að bjóðast. Ef Reykjavíkurborg ætti að áframlána til Sorpu á sínum kjörum yrði hún að borga fjármagnstekjuskatt af vaxtagreiðslum frá Sorpu sem þýðir að kjörin frá Reykjavíkurborg til Sorpu yrðu að vera 3,05% til þess að borgin væri skaðlaus af þeim viðskiptum. Það ætti því að vera ljóst að kjör ofangreinds láns eru mjög góð.

II.III Upplýsingar um gjaldfellingarákvæði

Lánveitanda er heimilt að segja láninu öllu upp einhliða, fyrirvaralaust og án aðvörunar ef:

- Vanskil afborgana eða vaxta hafa varað í 60 daga eða lengur.
- Upplýsingar lántaka sem snerta efni lánasamningsins eða atriði honum tengd reynast hafa verið rangar eða villandi þegar þær voru gefnar lánveitanda, þannig að hann hefði ekki, að mati lánveitanda, samþykkt lánveitingu með þeim kjörum sem samningurinn felur í sér ef réttar upplýsingar hefðu legið fyrir.
- Lántaki ákveður að breyta rekstrarformi sínu, lántaki hættir starfsemi eða takmarkar hana verulega eða ef lántaki selur eignir sínar eða verulegan hluta þeirra þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánssamningsins minnar verulega að mati lánveitanda.
- Fjárhagsstaða lántaka breytist verulega, þannig að geta hans til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt ákvæðum lánssamningsins meinar verulega að mati lánveitanda.
- Aðrar skuldbindingar lántaka samkvæmt samningi sem leggur greiðsluskyldu á lántaka lenda í vanskilum og samningur er gjaldfelldur eða honum sagt upp vegna þess, eða vegna vanefnda á örðum skuldbindingum slíks samnings og samningi hafi verið rift eða hann gjaldfelldur vegna þess.
- Gert er fjárnám hjá lántaka, beðist er nauðungarsölu á eignum hans, hann leiti nauðasamninga, heimildar til greiðslustöðvunar eða eftirgjöf skulda. Sama gildir ef ósk kemur fram um gjaldþrotaskipti eða annarskonar slita á lántaka.
- Lántaki verður sannarlega uppvís að því að brjóta gegn lögum og reglum í starfsemi sinni.
- Lántaki brýtur gegn sérstökum skuldbindingum samkvæmt lánasamningnum eða ef lántaki vanrækir að uppfylla einhverjar af örðum skuldbindingum samkvæmt lánasamningnum og sú vanræksla varir í meira en 30 daga eftir að lánveitandi hefur áminnt lántaka um að framfylgja



skylduna. Sama gildir ef sérstakar yfirlýsingar lántaka samkvæmt samningnum reynast rangar.

- Lántaki innir ekki af hendi greiðslur á gjalddaga samkvæmt einhverjum samningi sem leggja á hann greiðsluskyldu og slík vanskil nema a.m.k. 10% tekna lántaka á síðastliðnu almanaksári og/eða lánveitanda er heimilt að gjaldegla lán til lántaka þar sem fjárhæð viðkomandi láns er að fjárhæð sem nemur a.m.k. 10% tekna lántaka á síðastliðnu almanaksári.
- Ársreikningur eða árshlutareikningur lántaka eru með áritun um fyrirvara um rekstrarhæfi af löggiltum endurskoðanda.

II.VI Aðrir áhættuþættir

Fjármálaskrifstofa vill vekja athygli á að, m.a. með vísan til 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, er aðgengi Reykjavíkurborgar, og þar með B-hluta fyrirtækja hennar, að lánum frá Lánasjóði sveitarfélaga takmarkað vegna lagaákvæða um áhættu vegna einstakra lántaka. Lánareglur lánasjóðsins takmarka þetta aðgengi enn frekar þar sem lánareglurnar eru enn strangari en ofangreind lög. Ef litið er til heildarskuldbindingar Reykjavíkurborgar við Lánasjóðinn og eiginfjárhlutfall hans í lok árs 2017 getur Reykjavíkurborg eða B-hluta fyrirtæki hennar tekið um 7.900 m.kr. til viðbótar í lán hjá lánasjóðnum. Fyrirhuguð lántaka Sorpu myndi lækka þá fjárhæð um rúmar 500 m.kr. eða niður í 7.400 m.kr. Í ljósi þess er æskilegt út frá áhættusjónarmiðum að Reykjavíkurborg setji sér stefnu um lágmarksaðgengi A-hluta að lánsfjármagni hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

III. Niðurlag

Með vísan til alls framangreinds er Reykjavíkurborg heimilt, á grundvelli 69. gr. sveitarstjórnarlaga, að gangast í einfalda ábyrgð í hlutfalli við eignarhlut til tryggingar á því láni sem Sorpu bs. hyggjast taka hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. og jafnframt að veita veð í tekjum sínum til tryggingar ábyrgðarinnar, samkvæmt 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

Að virtu öllu ofanrituðu mælir fjármálaskrifstofa með að borgarstjórn veiti félaginu veð í skatttekjum borgarinnar miðað við einfalda og hlutfallslega ábyrgð borgarsjóðs vegna lántökunnar en bendir jafnframt á umfjöllun um aðra áhættuþætti í kafla II.VI.

Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri

Fylgigögn:

Erindi Sorpu bs. dags. 12. september 2018

Fundargerð stjórnar Sorpu bs. dags. 24. október 2018

Til eigenda SORPU bs. Frá fjármálastjórum eigenda

Meðfylgjandi erindi var sent SORPU bs. dags. 6. október 2017:

Eigendavettvangur SORPU bs. vísaði til fjármálastjóra sveitarfélaga SSH að fara yfir fjármögnunartillögur framkvæmdastjóra SORPU bs. varðandi jarð- og gasgerðarstöð og gera tillögur til eigenda um málsmeðferð. Að mati fjármálastjóranna liggja alls ekki fyrir nægjanlega skýr gögn frá SORPU bs. til að gera nauðsynlega rýningu. Það sem um var beðið með nokkuð skýrum hætti á fundi eigenda með framkvæmdastjóra SORPU bs. liggur ekki fyrir.

Það er mat fjármálastjóranna að eftirtalin gögn þurfi að liggja fyrir áður en hægt er að taka ákvörðun um þessa fjármögnun:

- 1. Mat á stofnkostnaði með áhættugreiningu. Fyrirliggjandi mat er orðið a.m.k. 2ja ára.*
- 2. Greining á tekjum og kostnaði SORPU bs. eftir starfsþáttum (þ.e. móttökustöð, o.s.f.) og greiðendum (þ.e. atvinnulíf og einstök sveitarfélög) fyrir árið 2016 og áætlanir fyrir 2017-2020.*
- 3. Mat á fjármögnunargetu SORPU bs. á verkefninu. SORPA bs. leggi fram nákvæma greinargerð um eigin fjármögnunargetu fyrirtækisins á fjármögnun jarð- og gasgerðarstöðvar út frá handbæru fé og væntu veltufé frá rekstri 2017-2020. Í þessari samantekt komi m.a. fram áætluð áhrif hagræðingar, magnaukningar, launakostnaðar og rekstrarkostnaðar og áætlaðrar gjaldskrárhækkana á veltufé frá rekstri og rekstrarniðurstöðu 2017-2020. Ennfremur er kallað eftir upplýsingum um þau lánakjör sem SORPA bs. getur vænst vegna mögulegrar lántöku byggðasamlagsins vegna verkefnisins þannig að unnt verði að bera þau kjör saman við þau kjör sem einstökum sveitarfélögum bjóðast vegna fjármögnunar af sama tilefni.*

Í ljósi þeirra óskýru svara sem hafa borist eigendum er e.t.v. nauðsynlegt að fá aðstoð endurskoðenda SORPU bs. við þessa upplýsingaöflun.

Í svari framkvæmdastjóra SORPU bs. dags. 1. desember 2017 gerir hann að umtalsefni að eigendur SORPU bs. megi ekki óska aðstoðar endurskoðenda SORPU bs. við að leysa ofangreint verkefni. Hið rétta er að eigendur geta óskað eftir heimild endurskoðunarnefndar til slíkra verka ef þeir hafa brýna hagsmuni af því og við aðstæður þar sem fyrirtækið virtist ekki ætla að sinna nauðsynlegri upplýsingaskyldu sinni gagnvart eigendum.

I. Mat á stofnkostnaði ásamt áhættugreiningu

Í svari SORPU bs. er ekki orðið við því að leggja fram nýtt mat eða greiningar á stofnkostnaði eins og kallað var eftir.

Það vekur athygli að í skýrslu Capacent bls. 31 er því haldið fram að í eigendasamkomulagi frá 25. október 2013 sé gert ráð fyrir að heildarkostnaður við gasgerðarstöð nemi 3,09 ma.kr. Það er rangt. Þessi fjárhæð stendur ekki í umræddu samkomulagi.

Framsetning Capacent á áhættumati er skýr og byggir á hefðbundinni aðferðafræði. Þó skal á það bent að Capacent gefur ástæðum þess að framkvæmdakostnaður fari fram úr áætlunum engan gaum heldur aðeins áhrifum hugsanlegrar hækkunar framkvæmdakostnaðar á rekstur SORPU bs. í gegnum sviðsmyndir. Einnig má draga í efa forsendur Capacent um eftirspurn og verð á metani.

Fjármálastjórar SSH sveitarfélaganna hafa áður fengið það verkefni að rýna framkvæmdakostnað við gas- og jarðgerðastöð en þá eins og nú ekki haft nægjanleg gögn til þess að geta gert það. Enn er uppi sama staða hvað það varðar. Það mun þó væntanlega skýrast betur í því útboðsferli sem nú stendur yfir en tilboð í verkið verða opnuð 12. janúar nk. Miðað við aðstæður á byggingarmarkaði má gera ráð fyrir að stofnkostnaður geti hækkað umtalsvert ef mið er tekið af útboðum sveitarfélaga um þessar mundir.

Það er mat fjármálastjóra SSH sveitarfélaganna að reynist tilboð í framkvæmdina 10% eða meira umfram kostnaðaráætlun kallar það á endurskoðun á verkefninu og fjármögnun þess.

II. Greining á tekjum og gjöldum eftir starfsþáttum og greiðendum

Fyrir liggur svar SORPU bs. (Viðauki II) varðandi skiptingu tekna eftir deildum fyrirtækisins og hvernig greiðslur sveitarfélaganna skiptast á árinu 2016. Ekki liggur hins vegar fyrir sams konar sundurliðun fyrir árið 2017 og fyrir árið 2018 á grunni áætlunar. Þá liggur ekki fyrir sundurliðun á öðrum greiðendum en sveitarfélögunum eins og um var beðið.

Kostnaður SORPU bs. er settur fram með sama hætti og tekjur þ.e. eftir deildum.

Frekar fátækleg greining fylgir með ofangreindum upplýsingum.

III. Mat á fjármögnunargetu SORPU bs. á verkefninu

Í fyrirspurninni til SORPU bs. var óskað eftir mati á fjármögnunargetu SORPU bs. á verkefninu út frá handbæru fé og áætluðu veltufé frá rekstri.

Í svari SORPU bs. eru sýndar þrjár sviðsmyndir. Í fyrstu sviðsmynd er miðað við 25% fjármögnun eigenda að fjárhæð 700 mkr., langtímalán að fjárhæð 860 mkr. og skammtímalán að fjárhæð 600 kr. og 525 mkr. úr rekstri. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af rekstri er áætlað á bilinu 13,2%-16,6% og handbært fé í lok tímabils á bilinu 362 mkr.–619 mkr. á árunum 2018-2020 sem er viðkvæmasta tímabilið. Niðurstaðan er vel ásættanleg fyrir SORPU bs. út frá þessum mælikvörðum og fjármálareglum byggðasamlaga út frá sveitarstjórnarlögum.

Í annarri sviðsmynd er miðað við fulla fjármögnun eigenda á stofnkostnaði sem er áætlaður 3,09 ma kr. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af rekstri er áætlað á bilinu 14,7%-17,7% og handbært fé í lok tímabils á bilinu 985 mkr. – 2.185 mkr. á árunum 2018-2020. Miðað við stöðu handbærs fjár í lok tímabils er áætluð lántaka sýnilega of há. Niðurstaðan er mjög góð fyrir SORPU bs. en leggur óeðlilega miklar byrðar á eigendur og er ekki fýsileg.

Þriðja sviðsmyndin gerir ráð fyrir að SORPA bs. taki lán fyrir allri framkvæmdinni alls 2.686 mkr. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af rekstri er áætlað á bilinu 12,7%-15,8% og handbært fé í lok tímabils á bilinu 910 mkr. – 1.190 mkr. á árunum 2018-2020 sem er viðkvæmasta tímabil fjármögnunarinnar. Miðað við stöðu handbærs fjár í lok tímabils er áætluð lántaka sýnilega of há. Niðurstaðan er vel ásættanleg fyrir SORPU bs. út frá þessum mælikvörðum og fjármálareglum byggðasamlaga út frá sveitarstjórnarlögum en er ekki fýsileg fyrir eigendur.

Það er mat fjármálastjóra SSH að skynsamlegast sé að fara blandaða leið fjármögnunar þar sem hluti er fjármagnaður 400 mkr. beinum framlögum eigenda, 600 mkr. langtímalánum, 860 mkr. skammtímalánum en annað verði fjármagnað úr rekstri SORPU bs. Þetta felur í sér að gerð er krafa um að SORPA bs. fjármagni úr rekstri 300 mkr. meira en gert er ráð fyrir í sviðsmynd 1. Þetta hefur bein áhrif til lækunar á handbært fé í árslok og veltufé frá rekstri ef fyrirtækinu tekst ekki að ná frekari árangri í hagræðingu í framhaldi af rekstrarúttekt. Gert er ráð fyrir að eigendur veiti nauðsynlega ábyrgð vegna töku langtímalána hjá Lánasjóði sveitarfélaga og veiti hvert og eitt þeirra hlutfallslega ábyrgð.

Óskað var upplýsinga um áætluð áhrif hagræðingar, magnaukningar, launakostnaðar og rekstrarkostnaðar og áætlaðrar gjaldskrárhækkana á veltufé frá rekstri og rekstrarniðurstöðu 2017-2020. Þessar upplýsingar hafa ekki borist frá SORPU bs.

Ennfremur er kallað eftir upplýsingum um þau lánað kjör sem SORPA bs. getur vænst vegna mögulegrar lántöku byggðasamlagsins vegna verkefnisins þannig að unnt verði að bera þau kjör saman við þau kjör sem einstökum sveitarfélögum bjóðast vegna fjármögnunar af sama tilefni. Ágætar upplýsingar komu um þetta efni.

Fjármálastjórar eigenda sveitarfélaga byggðasamlagsins hafa gengið úr skugga um að SORPA bs. getur tekið langtímalán hjá Lánasjóði sveitarfélaga þar sem eigendasveitarfélögin skipta með sér ábyrgð hlutfallslega.

IV. Niðurstaða

Það er mat fjármálastjóra eigenda sveitarfélaga byggðasamlagsins að þrátt fyrir ýmsa ágalla á fyrirliggjandi gögnum frá SORPU bs. sem rakin hafa verið hér að framan sé unnt að taka ákvörðun út frá þessum upplýsingum og greiningum um framhald verkefnisins og fjármögnun þess. Lagt er til að eftirfarandi verði lagt til grundvallar:

- Bein framlög eigenda 500 mkr. þ.a. 300 mkr. greiddar 2018 og 200 mkr. 2019.
- Langtímalán til 17 ára tekið hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 600 mkr. með hlutfallslegri ábyrgð eigenda.
- Skammtímalán að fjárhæð 860 mkr. skv áætlun SORPU bs.
- Annað verði fjármagnað úr rekstri.

Komi til þess að tilboð í framkvæmdina reynist 10% eða meira umfram kostnaðaráætlun kallar það á endurskoðun á verkefninu og fjármögnun þess.

14. desember 2017

Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar
Gunnar Lúðvíksson, fjármálastjóri Seltjarnarness
Ingólfur Arnarsson, fjármálastjóri Kópavogs
Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri Garðabæjar
Pétur Lockton, fjármálastjóri Mosfellsbæjar
Rósa Steingrímsdóttir, sviðstjóri fjármálasviðs Hafnarfjarðar

Fylgiskjöl:

Minnisblað framkvæmdastjóra SORPU bs. til stjórnar SORPU bs. dags 1. desember 2017 vegna fjármögnunar gas- og jarðgerðarstöðvar.

SORPA bs.: Mat á áhrifum kostnaðarsamra framkvæmda á fjárhagsstöðu – 23.11.2017. Skýrsla Capacent.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR

398. fundur

Stjórnarfundur SORPU bs. (kt. 510588-1189) á skrifstofu byggðasamlagsins miðvikudaginn 24.10.2018, kl.07:30.

Fundarstjóri: Birkir Jón Jónsson stjórnarformaður

Mættir:

Birkir Jón Jónsson, Líf Magneudóttir, Ágúst Bjarni Garðarsson, Jóna Sæmundsdóttir og Bjarni Torfi Álfþórsson. Kolbrún Þorsteinsdóttir og Bjarki Bjarnason boðuðu forföll. Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri, Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri.

Tekið fyrir:

1. Rekstraráætlun 2019 – 2023.

Framkvæmdastjóri leggur fram og kynnir drög að rekstraráætlun 2019 – 2023. Málið rætt. Stjórn samþykkir áætlunina.

2. Lántökur vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar

Vísað er til fundar stjórnar SORPU bs. þann 12. september 2018 þar sem fjallað er um lántökur vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar og bókunar um að stjórn óski staðfestingar á lántökunni hjá eigendum. Stjórn samþykkir að óska eftir ábyrgð eigenda á áformaðri lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga með því að veita veð í útsvarstekjum þeirra.

3. Starfsleyfi urðunarstaðar

Framkvæmdastjóri kynnir stöðu málsins.

4. Viðræður við Kölku

Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri skýra frá fundi með fulltrúum Kölku og Capacent þar sem farið var yfir stöðuna. Stefnt er að því að fljótlega ljúki vinnu Capacent og þá hægt að taka afstöðu til hugsanlegrar sameiningar.

Næsti fundur

Næsti fundur ákveðinn 16. nóvember kl. 07:30.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið klukkan: 08:15

Fundarritari Guðrún Eva Jóhannesdóttir

Birkir Jón Jónsson *1377*
Guðrún Eva Jóhannesdóttir
Bjarni H. Halldórsson
Bjarni Hjarðar